



Sveitarfélagið  
**ÁRBORG**

---

*Minnisblað bæjarstjóra*

*Málsnr. 2103214, dags. 8. júní 2021*

## Almannavarnaráð Árborgar – skipan ráðs

Á fundi bæjarstjórnar þann 17. mars sl. samþykkti bæjarstjórn að stofna Almannavarnaráð Árborgar. Þar kom fram að ráðið yrði skipað forseta bæjarstjórnar og tveimur fulltrúum til viðbótar, einum frá meirihluta bæjarstjórnar og einum frá minnihluta.

Hlutverk Almannavarnaráðs verður að móta stefnu sveitarfélagsins um viðbrögð við samfélagslegum áföllum og tryggja skipulag almannavarna og viðbraðgsgetu stofnana sveitarfélagsins. Einnig að vinna að því að til sé áhættumat fyrir Árborg og að dregið verði úr áhættu eins og hægt er. Þá skál ráðið skipuleggja verkefni til að draga lærdóm af reynslu starfsmanna í kjölfar atburða.

Fyrsta verk Almannavarnaráðs skal vera gerð tillögu að erindisbréfi ráðsins sem síðan skal leggja fyrir bæjarstjórn til umfjöllunar og afgreiðslu.

Óskað er eftir að bæjarráð skipi í ráðið þá tvo fulltrúa sem bæjarstjórn mælti fyrir um.

---

Gísli Halldór Halldórsson  
Bæjarstjóri